


STYTTING NÁMS



TIL STÚDENTSPRÓFS



## Ávarp menntamálaráðherra

Það er meginverkefni allra sem láta sig menntamál varða að leita í sífellu leiða til að bæta menntakerfið. Þessu verkefni lýkur aldrei en vonandi færumst við stöðugt nær markmiðinu. Framundan eru stór skref á þessari leið okkar. Undanfarin ár hefur stytting náms til stúdentsprófs verið meðal stefnumiða yfirvalda menntamála á Íslandi. Nú er að hefjast lokakafinn í undirbúningsferli sem staðið hefur síðan málið var fyrst sett á dagskrá fyrir hartnær tíu árum. Á næstu vikum og mánuðum mun almenningi og fagaðilum gefast einstakt tækifæri til að hafa áhrif á niðurstöðu þessa ferlis.

Sérstakt umræðuþing verður starfrækt á Netinu þar sem áhugasamir geta tekið þátt í líflegri umræðu um sem flestar hliðar málsins og samhliða umræðuþinginu munu starfshópar, skipaðir fagaðilum, skoða málið ofan í kjölinn. Stytting náms til stúdentsprófs er grundvallarbreyting á íslensku skólakerfi og því er nauðsynlegt að eins vel sé staðið að undirbúningi hennar og frekast er kostur. Það er von mín að við lok þessa undirbúnings munu allar forsendur verða fyrir hendi til að hægt sé að taka ákvörðun um hvort og þá hvernig stytta eigi nám til stúdentsprófs hér á landi.

Menntamálaráðuneyti: rit 8 • September 2003 • Útgefandi: Menntamálaráðuneyti • Sölvhóls götu 4 • 150 Reykjavík  
Sími: 545 9500 • Bréfasími: 562 3068 • Netfang: postur@mrn.stjr.is • Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og hönnun: Íslenska auglýsingastofan • Prentun: Prentmet

2003 Menntamálaráðuneyti • ISBN 9979 - 777 - 04 - 4

September, 2003

Tómas Ingi Olrich  
menntamálaráðherra



## Rökrétt framhald af stefnumótun síðustu ára

Stytting náms til stúdentsprófs er rökrétt framhald þeirra grundvallarbreytinga sem gerðar hafa verið á íslensku menntakerfi á síðustu árum. Árið 1994 setti nefnd um mótun menntastefnu fram þá tillögu að námstími til stúdentsprófs af bóknámsbrautum yrði þrjú ár í stað fjögurra og stefnt skyldi að styttingu námstíma í starfsnámi. Ný lög um framhaldsskóla tóku gildi árið 1996 og var námsbrautum til stúdentsprófs þá fækkað í þrjár. Snemma árs 1998 kynnti þáverandi menntamálaráðherra nýja skólafélagi þar sem þriggja ára nám til stúdentsprófs var meðal markmiða. Ákveðið var að styttingu námsins yrði ekki hrundið í framkvæmd á sama tíma og nýjar námskrár væru að festast í sessi, en þær tóku gildi sumarið 1999. Í ársbyrjun 2002 efndi menntamálaráðuneytið til málþings um hugsanlega styttingu og bauð til þess fulltrúum allra skólastiga, kennurum og samtökum foreldra. Í kjölfarið var skipuð sérstök verkefnisstjórn innan ráðuneytisins til að gera úttekt sem gæfi forsendur til að taka ákvörðun um hvort, og þá hvernig, ætti að stytta námstíma til stúdentsprófs. Nú liggur fyrir skýrsla verkefnisstjórnarinnar þar sem grunnurinn hefur verið lagður, áhrif styttingar metin og nokkrum hugmyndum um mögulega útfærslu styttingar varpað fram.

## Af hverju að stytta nám til stúdentsprófs?

### Hluti af alþjóðlegri heild

Líta þarf á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og gildir það jafnt um innihald og uppbyggingu náms sem og árangur af skólafélaginu. Nemendur flestra viðmiðunarþjóða okkar teljast hafa fengið nægan undirbúning til náms á háskólastigi við átján eða nítján ára aldur. Með því að stytta nám til stúdentsprófs um eitt ár yrði almennur rammi um grunn- og framhaldsskólanám hér á landi ekki lengur verulega frábrugðinn því sem tíðkast í helstu samanburðarlöndum okkar og íslenskir nemendur lykju stúdentsprófi á sama aldri og erlendir nemendur.

### Gildi stúdentsprófsins hefur breyst

Á síðustu áratugum hefur tilgangur náms til stúdentsprófs verið að breytast. Grunnurinn að núverandi skipan var lagður í þjóðfélagi sem er gjörólíkt því sem nú er. Stúdentsprófið hafði áður fyrr töluvert gildi á vinnumarkaði, en nú er það góð almenn menntun og áfangi á leið til frekara náms. Með því að stytta námstímann er flýtt fyrir því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi.

### Betri nýting á skólatímanum

Yrði nám til stúdentsprófs stytta um eitt ár hlytist af því margs konar hagræði. Í fyrsta lagi er ljóst að kostnaður nemenda og foreldra þeirra vegna

skólagöngunnar myndi minnka. Í öðru lagi má reikna með að sparnaður næðist í húsnæðismálum þar sem framhaldsskólarnir þyrftu að hýsa einum árgangi færra. Nýting á fjármunum sem veitt er til skólanna yrði því betri og hægt að nota það fé sem sparaðist til að efla innra starf þeirra. Í þriðja lagi yrði þjóðhagslegur ávinningur af styttingu náms til stúdentsprófs verulegur, ungt fólk kæmist ári fyrr út á vinnumarkaðinn og framleiðni ykist.

### **Brottfall nemenda úr framhaldsskólum**

Brottfall nemenda á framhaldsskólastigi er viðurkennt vandamál hér á landi. Samanburðarþjóðir okkar virðast ekki glíma við þetta vandamál í sama mæli. Kannanir benda til að langur námstími eigi þátt í því að nemendur hverfa frá námi í framhaldsskólum og stytting námstímans um heilt ár er því líkleg til að draga úr brottfalli úr íslenskum framhaldsskólum.

### **Hvergi slakað á kröfum um gæði náms**

Með vandaðri endurskoðun á innihaldi og skipulagi náms til stúdentsprófs er stefnt að því að íslenskir framhaldsskólar geti sinnt uppeldis- og menntunarhlutverki sínu gagnvart nemendum á þremur árum, án þess að dragi úr gæðum náms og kennslu. Nýju námskrárnar og reynslan af þeim munu nýtast vel við endurskoðun námsins, en þar eru námsmarkmið skýr og námsþættir vel afmarkaðir. Við endurskoðunina verður haft að leiðarljósi að námskröfur til stúdentsprófs verði engu minni en í samanburðarlöndum okkar og íslenskir stúdentar samkeppnisfærir í háskólanámi. Samhliða styttingu á námstíma til stúdentsprófs þarf að huga að skipan starfsmenntunar í framhaldsskólum.

### **Næstu skref – þátttaka í ákvörðunarferlinu**

Stytting náms til stúdentsprófs er grundvallarbreyting á íslensku menntakerfi og afar mikilvægt að öll sjónarmið fái notið sín í umræðum um hvernig best sé að standa að slíkri breytingu. Menntamálaráðuneytið vill leitast við að gefa almenningi og fagaðilum eins mikið vægi í þeirri ákvarðanatöku og mögulegt er. Í því augnamiði er efnt til umræðupings á Netinu um styttingu á námstíma til stúdentsprófs.

Umræðupingið er háð á Menntagátt menntamálaráðuneytisins, [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is). Með því að skrá sig til þátttöku á umræðupinginu gefst öllum sem áhuga hafa á þessu máli kostur á að setja sjónarmið sín fram og taka þátt í málefnalegum umræðum um þessa grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi.

Samhliða umræðupinginu á Menntagátt eru starfræktir sérstakir starfshópar skipaðir fagaðilum og fulltrúum hagsmunasamtaka. Starfshóparnir vinna að nánari útfærslu og í störfum sínum taka þeir mið af sjónarmiðum sem fram koma á umræðupinginu. Þannig getur almenningur tekið virkan þátt í ákvörðunarferlinu, ekki einungis með því að leggja fram sjónarmið sín heldur einnig með þátttöku í opinni og málefnalegri umræðu.

Stefnt er að því að umræðupingið standi yfir fram eftir vetri og að starfshóparnir skili niðurstöðum sínum fyrir lok ársins 2003. Í framhaldi af því mun menntamálaráðherra taka endanlega ákvörðun um hvort og hvernig skuli staðið að styttingu náms til stúdentsprófs. Það kemur síðan í hlut Alþingis að breyta lögum ef frumvarp þess efnis verður lagt fram.

Taktu þátt á [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)